

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Deiliskipulag, Eldfell.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1616. fundi sínum 14. maí 2025 tillögu að deiliskipulagi Eldfells. Deiliskipulagið var kynnt og samþykkt samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna uppbyggingar listaverks Ólafs Eliassonar.

Meginmarkmið uppsetningar listaverks Ólafs Eliassonar í heild er að skapa sjónarhorn og sýn á stórbrotna náttúruna, þar sem lögð verður áhersla á samspil gönguleiða og náttúrumynda.

Í tillögu að deiliskipulagi Eldfells er gert ráð fyrir nýjum útsýnisstað þar sem staðsettur verður kúlulaga skáli á Eldfellshrauni. Auk þess er gert ráð fyrir tröppulögðum 1,5-2,5 m breiðum göngustíg frá hrauninu og á topp Eldfells sem myndar hringlaga form séð frá útsýnisstaðnum. Deiliskipulag gerir einnig ráð fyrir bílastæðum, göngustígum og áningarstöðum auk frekari verndun hraunsins.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 28. júlí 2025.

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi

B deild - Útgáfudagur: 11. ágúst 2025